



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

3. maí 2006

Mál nr.	G-77/2006:
Skiptabeiðandi:	Tollstjóraembættið
Skuldari:	GLM Ísland hf.
Dómari:	Arngrímur Ísberg héraðsdómari.

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 3. maí 2006 í máli nr. G-77/2006:

Tollstjóraembættið

gegn

GLM Ísland hf.

Tollstjórinn í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík, krafðist þess með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 10. febrúar 2006, að bú GLM Ísland hf., kt. 650900-2940, Laugavegi 39 D, Reykjavík, yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Málið var tekið til úrskurðar 24. apríl sl.

Skiptabeiðandi kveðst innheimta kröfu á hendur skuldaranum vegna ógreiddra opinberra gjalda. Í bréfi hans er skuldin sögð nema samtals 1.264.978 krónum. Fyrir liggur yfirlýsing skuldara um eignaleysi dags. 11. mars 2005.

Krafa skiptabeiðanda var tekin fyrir á dómþingi 22. mars 2006 og var þá sótt þing af hálfu skráðs stjórnarmanns félagsins, en hann hafði verið kvaddur til dómþingsins á grundvelli vottorðs Hlutafélagaskrár sem tilgreindi hann stjórnarmann. Stjórnarmaðurinn mótmælti því að hann væri stjórnarmaður og hefur hann lagt fram vottorð sem sýnir að hann sagði sig úr stjórninni 1. nóvember 2005. Samkvæmt nýju vottorði Hlutafélagaskrár er eini skráði stjórnarmaður félagsins án heimilisfangs og kennitölu hér á landi. Samkvæmt 3. mgr. 64. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skulu þeir, er síðast gegndu stjórnarstörfum í félagi, formlega skoðast í fyrirsvari fyrir félagið uns ný stjórn tekur við, verði félagið án stjórnar. Svo stendur á í þessu máli og var því kvaðningin réttilega birt stjórnarmanninum fyrrverandi. Hann mætti á dómþing þar sem krafa skiptabeiðanda var tekin fyrir og gerði ekki athugasemdir við hana. Er því fullnægt skilyrðum 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 til að verða við kröfu skiptabeiðanda og er bú skuldans tekið til gjaldþrotaskipta.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Bú GLM Ísland ehf., kt. 650900-2940, Laugavegi 39 D, Reykjavík, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Arngrímur Ísberg

Úrskurðarorðið er lesið. Af hálfu aðila er ekki sótt þing.

Sigurbjörn Þorbergsson héraðsdómslögmaður er skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Dómþingi slitið
Arngrímur Ísberg.

Vottur:

Hulda Júlía Sigurðardóttir

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur, 3. maí 2006.